

*Alþingi
Erindi nr. P 120/2321
komudagur 7.5. 2012*

**Til atvinnuveganefndar Alþingis vegna umfjöllunar hennar um
Rammaáætlun.**

Ingibjörg [ingibjorg@mss.is]

Sent: 7. maí 2012 11:40

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Til atvinnuveganefndar Alþingis vegna umfjöllunar hennar um Rammaáætlun.
Til þeirra er málið varðar

Ég, Ingibjörg Þ Ólafsdóttir, kt. 271160-7719 geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk og tel að svæðið eigi að vera í verndarflokki.

Ég er ein af þeim sem hef unun af því að ganga um þetta svæði, sem er mikil náttúruperla og tel fráleitt að fylgja þeim hugmyndum eftir að skemma þá perlu vegna virkjanapælinga. Svæðið er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Síðasta sumar sóttu um 120 þúsund ferðamenn svæðið heim.

Þá ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir, sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg

Ingibjörg Þ Ólafsdóttir,
Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík
Sími: 847 7242
Netfang: ingibjorg@mss.is